

Ársskýrsla

2024-2025



Sólbjört Sigríður Gestsdóttir

Skólastjóri

Efnisyfirlit

Um leikskólann	3
Börn	4
Flæði	5
Starfsfólk	7
Skráningadagar	10
Foreldrasamstarf	10
Félags og skólaþjónusta	11
Stoðþjónusta	11
Innra mat	12
Mat á skólaári	12
Umbótaáætlun	13
Yfirfara þarf :	13
Lokaorð	13

Um leikskólann

Rangárþing eystra á og rekur leikskólann Ölduna. Sveitarstjóri hefur yfirumsjón með rekstri hans fyrir hönd sveitarstjórnar og er hann næsti yfirmaður leikskólastjóra.

Leikskólinn Aldan er 8 deilda leikskóli starfræktur á Hvolsvelli. Þetta skólaárið voru 7 deildar starfandi.

111 börn stundaðu nám við leikskólann í vetur þegar flest voru og var síðasta aðlögunin í maí 2025.

Í starfi leikskólans leggjum við áherslu á frumkvæði einstaklingsins og leikgleði undir kjörorðinu „Leikur einn“. Gildi leikskólans eru samskipti, virðing og samvinna.

Leikskólinn vinnur eftir Hugsmíðahyggju. Hugmyndafræðin felur í sér að skólastarf á ekki eingöngu að snúast um að mata barnið á upplýsingum og staðreyndum heldur að barnið tileinki sér þekkingu og skilning.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á ígrundun, lausnaleit, rökhugsun, skilning og beitingu þess sem lært hefur verið. Með því verða börnin leitandi og gagnrýnin, kunna að leita lausna og taka ígrundaðar ákvarðanir sem byggðar eru á gildismati.

Þegar við skilgreinum hugtakið hugsmíðahyggja, gerum við það út frá því:

- að nám einkennist af virkni barnanna
- að börnin byggi upp þekkingu á þeim reynsluheimi sem þau lifa í
- að börnin vinni lausnamiðaða verkefnavinnu ýmist ein eða í hópi
- að börnin noti gagnrýna hugsun í tengslum við upplýsingaleit, úrvinnslu og umbreytingu þeirra í nýja þekkingu.

Börn

Í vetur voru 111 börn í vistun í leikskólanum þegar mest var.

Við hönnun og byggingu Öldunnar var unnið út frá að fjöldi barna á deildum yrði ekki meiri en :

1 árs - 2 ára, miðað við 12 börn á deild

2 ára - 3 ára miðað við 16 börn á deild

3-5 ára miðað við 18 börn á deild

Þetta var gert til að bæta starfsaðstæður barna og starfsfólks á deildum.

Með því að minnka áreiti og vera með góða hljóðvist er mikilvægt fyrir velferð allra sem starfa í Öldunni.

Þar sem miðað er við visst hámark barna á deildum er allajafna ekki hægt að hafa aldurshreinar deildar og því geta stundum verið 2-3 árgangar á sömu deildinni saman á deild. Allt er þetta miðað við fjölda barna í hverjum árgangi fyrir sig þegar verið er að raða á deildar að vori ár hvert.

Börn voru aðlöguð í kringum 12 mánaða aldur og síðasta aðlögun var í maí 2025.

Í Öldunni er unnið með þátttökuaðlögun og þátttökuaðlögun byggir meðal annars á þeirri trú að foreldrar smiti eigin öryggi, forvitni og spennu fyrir þessum nýju aðstæðum til barna sinna. **Öruggir foreldrar = örugg börn.** Með því að foreldrar séu fullir þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það sem á sér stað í leikskólanum. Annar kostur er að foreldrar tengjast hver öðrum og starfsfólki deildarinnar.

Maí 2025

Skóli	Fjöldi nemenda	Drengir	Stúlkur	Samtala barngilda	Heil barngildi	Dvalargildi	Deildargildi	Hluti af heild	
Aldan	111,00	61	49	164	166,20	1.329,58	6,92	100,00	%
Samtals	111	61	49	164.3	166,20	1.329,58	6,92	100,00	%

Í maí 2025 útskrifuðum við 22 nemendur frá okkur af fyrsta skólastigi. Útskriftarathöfnin fór fram í Hvolnum.

Einnig fóru þau í útskriftaferð ásamt kennurum deildarinnar og heppnaðist sú ferð mjög vel. Börnin völdu hvað þau vildu skoða, borða í hádeginu og voru börnin mjög glöð í dagslok.

Þetta skólaárið var um 43% barna með fjölbreyttan menningar og tungumálabakgrunn í vistun frá 16 löndum.

Haustið 2024 voru foreldrar með áhyggjur af m.a. deildarskiptingum barna á deildar og komu foreldrar fram með þær áhyggjur til stjórnenda. Áhyggjur snéru m.a. að því að á sumum deildum voru þrír árgangar á einni deild og árgangur 2021 var á fjórum deildum. Einnig að elsti árgangur skólans væri á 3 deildum í stað þess að fá að vera saman á deild. Höfðu foreldrar áhyggjur af tengslamyndun barna sinna við jafnaldra þeirra í leikskólanum. Haldinn var kynningarfundur í september þar sem farið var yfir ástæður þess að börnum var skipt upp á deildar með þessum hætti. Einnig var send út könnun til foreldra þar sem spurt var út í ýmsa þætti er vörðuðu deildarskiptingar. Sjá má niðurstöður könnunar á heimasíðu leikskólans aldan.leikskolinn.is undir skýrslur / foreldrakönnun haust 24.

Við uppröðun á deildar síðastliðið voru m.a. niðurstöður könnunar hafðar til hliðsjónar án þess að víkja frá því að börnin yrðu fleiri en 18 í elstu árgöngunum.

Flæði

Haustið 2024 var ákveðið að hefja innleiðingu flæðis í leikskólastarf Öldunnar. Hafði þetta verið draumur lengi en þar sem leikskólinn hafði verið staðsettur á nokkrum stöðum undanfarin ár þá var ekki hægt að fara í innleiðingu. Haustið 2023 opnaði Aldan og þá tók við tími lærdóms þ.e. að læra á húsnaði leikskólans og að allir lærðu að vinna saman. Það gat tekið á að þurfa að deila sameiginlegu svæðum leikskólans með öðrum deildum.

Börnin kölluðu eftir því að fá að fara oftari í t.d. smíðju eða sal og með flæði verður nýting sameiginlegra svæða innan leikskólans meiri.

Hugtakið flæði (e. flow) er komið frá sálfræðingnum Mihaly Csikszentmihalyi sem þekktur er fyrir rannsóknir sínar á sviði jákvæðrar sálfræði. Samkvæmt hans skilgreiningum er flæði ástand einstaklings þar sem hann finnur fyrir það miklum áhuga og ánægju af því sem hann fæst við að fátt annað kemst að. Upplifunin er ánægjuleg og vellíðunartilfinningin fær hann til að gleyma stað og stund og vilja halda áfram í verkefninu. . Athyglin fer öll í verkefnið, áhyggjur gleymast og ánægjutilfinningin knýr einstaklinginn áfram jafnvel þótt verkefnið sé nokkuð erfitt og alls kostar óvíst hver útkoman verður. Mihaly nefnir nokkra þætti sem þurfa

að vera til staðar svo einstaklingur upplifi svokallað flæðiástand (e. flow-condition). Meðal annars þurfa verkefni að vera hæfilega krefjandi. Þau þurfa að vera ákveðin áskorun fyrir einstaklinginn, hvorki of auðveld né of erfið. Ef verkefni eru of auðveld er hætt á að einstaklingurinn upplifi leiða og missi áhugann en ef verkefni eru of erfið er hætt á að einstaklingurinn upplifi kvíða og missi móðinn og áhuga á viðfangsefninu. Líklegra er að einstaklingur upplifi flæðiástand ef markmið verkefnisins er skýrt og innri hvati er til staðar.

Farið var af stað í lok október 2024 með árganga 2019, 2020 og 2021. Voru flestar deildar opnar ásamt smiðju, sal, útisvæði og kubbavæði. Börnin fengu val hvaða svæði þau væru á og var starfsfólk á öllum stöðum og svo aðstoðarmenn á ganginum. Einnig var fljótlega eftir að flæði hófst settur upp "flæðisveggur" þar sem börnin gatu farið að og séð sjónrænt hvaða svæði voru í boði og hvaða starfsmenn voru á hverju svæði. Fljótlega bættist árgangur 2022 í flæði.

Innleiðing er í fullum gangi en byrjunin lofar góðu. Reynt er að hafa svæði frá mjög rólegum svæðum í ærslasvæði þannig að börnin geti fundið verkefni við sitt hæfi.

Í uppfærslu á aðalnámskrá leikskóla er lögð enn meiri áhersla á að leikur sé helsta kennsluleið barna. Hefur starfsfólk Öldunnar verið að skoða hvernig við getum brugðist við því í daglegu starfi leikskólans. Ákveðið hefur verið að innleiða flæði (e.flow) í daglegt starf og þar með fækka kennarastýrðum skipulögðum stundum með það að markmiði að styrkja samskipti og félagsfærni barnanna.

Fyrir áhuga sama þá á hugmyndafræðin um flæði á uppruna sinn að rekja til rannsókna á jákvæðri sálfræði. Martin Seligman og Mihaly Csuzajebtmihaly rýndu í jákvæða eiginleika mannsins og komust að því hvað hefði áhrif á jákvæða styrkleika einstaklingsins og vellíðan. Samkvæmt Mihaly Csikszentmihalyi er flæði ákveðið hugarástand þar sem á sér stað nám þegar einstaklingur nær einbeitingu við viðfangsefni sitt þar sem áskorun og hæfni fer saman.

Í flæði viljum við efla sjálfræði og lýðræði barnanna þar sem þeim gefst tækifæri til þess að vinna eftir áhugasviðum og styrkleikum sínum. Börnunum gefst með þessu kostur á að velja sér svæði með vinum sínum þvert á deildar og árganga.

Njótum við leiðsagnar stjórnenda á Uglukletti í Borgarnesi í þessari innleiðingu. Ugluklettur hefur unnið eftir flæðiskenningunni síðan árið 2007, eru því reynslumikil á þessu sviði og teljum við okkur því vera heppin að þau vilji vera í samstarfi með okkur.

Með því að vera komin í eitt húsnæði bjóðast okkur betri tækifæri til að þróa starfið okkar enn frekar með hag barnanna að leiðarljósi.

Starfsfólk

Vel gekk að manna leikskólann haustið 2024. Leikskólinn var fullmannaður og gat því vel tekið við þeim fjölda barna sem áætlað var að yrði í leikskólanum þetta skólaárið.

Þetta skólaárið vorum við með þrjá nema í kennarafræðum, mislangt komnir í náminu.

Kjarasamningsbundinn undirbúningur voru 115 klst á viku eða um 3 stöðugildi.

Einnig styttri vinnuvika hjá starfsfólki en miðað við að fólk ynni 37 klst vikulega og ein klst safnaðist í frí á skráningadögum var minni viðvera um 113 klst á viku eða 3,1 stöðugildi.

Starfsfólk KÍ gat safnað upp í heila frídaga en starfsfólk í FOSS tók út vikulega.

Starfsfólk skólaárið 2024-2025

Nafn	Starfsheiti	Vinnuhlutfall
Andrea Hrund Bjarnadóttir	Aðstoðarleikskólakennari	100,00%
Anika Katharina Wiest	Íðjuþjálfari / stoðþjónusta	83,00%
Anna Kristín Helgadóttir	Deildarstjóri	100,00%
Anna Margrét Aðalsteinsdóttir	Leikskólaliði	44,00%
Bragi Þór Hansson	Matreiðslumaður	100,00%
Elfa Bára Sigurðardóttir	Leiðbeinandi	100,00%
Elínbjört Kristín Oddsdóttir	Leiðbeinandi	100,00%
Emese Daszkiewicz-Gönczy	Háskólamenntaður starfsmaður	100,00%
Ewa Czajkowska	Ræstitæknir	100,00%
Gréta Helgadóttir	Yfirmaður stoðþjónustu	78,00%
Guðmundur Brynjar Guðnason	Leiðbeinandi	100,00%
Harpa Mjöll Kjartansdóttir	Bed í kennslufræðum / nemi í kennslufræðum	100,00%
Harpa Sif Þorsteinsdóttir	Deildarstjóri	100,00%
Heiða Sigríður Hafsteinsdóttir	Leiðbeinandi	100,00%
Helga Bergsdóttir	Grunnskólakennari	75,00%
Helga Kristín Sigurbjörnsdóttir	Deildarstjóri/ nemi í leikskólakennarfræðum	100,00%
Hildur Tryggvadóttir	Deildarstjóri/ nemi í leikskólakennarfræðum	100,00%
Ingibjörg Sæmundsdóttir	Leiðbeinandi	100,00%
Jóhanna Sigurðardóttir	Leiðbeinandi	100,00%
Jónína Sigurðardóttir	Matreiðslumaður	100,00%
Judit Jónsdóttir	Leiðbeinandi	100,00%
Justyna Broniszewska	Leikskólakennari	100,00%
Justyna Daszkiewicz	Leiðbeinandi	100,00%
Justyna Ziolkowska	Leiðbeinandi	100,00%

Karítas Björg Tryggvadóttir	Deildarstjóri / nemi í leikskólakennarfræðum	100,00%
Lukasz Daszkiewicz	Aðstoð í eldhúsi	100,00%
Marzena Danuta Sobocka	Leikskólakennari	100,00%
Milagros V. Rodriguez Pantoja	Leiðbeinandi	100,00%
Natalia Wojtyca	Leiðbeinandi	100,00%
Olena Bas	Ræstítæknir	100,00%
Olga Vassiljeva	Leiðbeinandi	100,00%
Sigríður Lóa Gissurardóttir	Leiðbeinandi	100,00%
Sólbjört Sigríður Gestsdóttir	Skólastjóri	100,00%
Stefán Bjarki Smáráson	Leiðbeinandi	100,00%
Unnur Óskarsdóttir	Deildarstjóri	100,00%
Valborg Jónsdóttir	Aðstoðarskólastjóri	100,00%
Vera Lucia Abranja Dos Santos	Leiðbeinandi	100,00%
Þóra Sigurborg Guðmannsdóttir	Deildarstjóri	100,00%
Þórhildur Þorsteinsdóttir	Leiðbeinandi	100,00%
Þórunn Jónsdóttir	Leikskólakennari	100,00%

Starfsmannasamtöl voru tekinn að hausti og vori, hægt var að velja um að fara í samtál til skólastjóra, aðstoðarskólastjóra eða velja báða saman í viðtal. Gengu viðtöl vel og heilt yfir var starfsfólk ánægt í starfi þó enn mætti læra á húsnæðið og þær nýju vinnuáætlaðir sem Aldan svo sannarlega bíður uppá. Í samtölum að vori komu nokkrir starfsmenn fram með óskir um færslu á milli deilda eða aðrar hugmyndir fyrir komandi skólaár.

Valborg Jónsdóttir óskaði eftir ársleyfi fyrir komandi skólaár og var því auglýst eftir aðstoðarskólastjóra í afleysingu fyrir skólaárið 2025-2026.

Símenntun /starfsþróun

Starfsfólk tekur þátt í námskeiðum á starfsdögum auk þess sem allir starfsmenn fara á Haustþing starfsmanna leikskóla á hverju hausti.

Skólaþjónusta Rangárvalla- og vestur Skaftafellssýslu hefur undanfarin ár verið með námskeið fyrir starfsfólk leikskóla. Nokkrir starfsmenn sóttu námskeið á þeirra vegum í vetur.

Einhverjir starfsmenn hafa einnig sótt sér námskeið á eigin vegum t.d. hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Við vorum með fagfundi einu sinni í mánuði og leiðbeindafundi 3 sinnum yfir skólaárið. Þar eru umræður og fræðsla í bland. Skipting starfsfólks var að þeir sem taka laun eftir

kjarasamningum KÍ og BHM færu á fagfundi og þeir sem taka laun eftir kjarasamningum FOSS mæta á leiðbeinendafundi.

Starfsdagar

Þetta skólaár vorum við með 6 starfsdaga ásamt því að loka einn dag vegna haustþings leikskólakennara á skólasvæðinu sem haldið var á Laugalandi.

Starfsdagar eru nýttir til undirbúnings á starfi ásamt endurmati á starfi skólaárs

Starfsdagar :

Dagsetning	Lengd dags	Hvað var gert	Athugasemdir
23. ágúst 2024	8-16	Starf komandi skólaárs skipulagt og deildarfundir	
27. september 2024 Haustþing	8-16	Ýmsir fyrirlestarar í boði fyrir starfsfólk tengt starfi leikskólanna.	Var haldið á Laugalandi fyrir starfsfólk leikskóla á skólasvæði Rangárvallasýslu og vestur Skaftafellssýslu.
30. september 2024	8-16	Starfsmannafundur, tákni með tali fyrirlestur og deildarfundir / vinna.	
7. nóvember 2024	8-16	Fyrirlestur í jákvæðum aga og unnið með innleiðingu. Einnig unnið áfram í innleiðingu á jákvæðum aga.	Kristín leikskólastjóri og Elín aðstoðarleikskólastjóri í Uglukletti komu með fræðslu um jákvæðan aga.
6. febrúar 2025	8-16	Starfsmannafundur, fyrirlestur og deildarfundir.	Íris frá Auðnast með fyrirlestur og starfsánægju og hvað við getum gert í starfi til að auka okkar vellíðan
21. mars 2025	8-16	Starfsmannafundur og svo farið í heimsókn í Kerhólsskóla þar sem unnið er með flæði í leikskólastarfi	
22. maí 2025	8-16	Endurmat á starfi síðasta skólaárs. Metnir voru þættir í skólastarfinu með áherslu á jákvæðan aga og flæði.	Farið yfir röðun á deildar bæði börn og starfsfólk.

Skráningadagar

10 skráningadagar voru þetta skólaárið.

Leikskólinn verður opinn fyrir þau börn sem eru skráð þann dag en starfsemin sniðin að fjölda barna/starfsfólks.

Með þessu er hægt að skipuleggja leikskólastarfið fyrirfram og gera starfsfólki kleift að nýta þá daga til að taka út styttingu vinnuvikunnar, klst vegna 36 klst vinnuviku eða sumarfrí. Þar með létta álag vegna styttingar vinnuviku KÍ/ 36 klst vinnuviku FOSS í starfsemi leikskólans aðra daga.

Það var mikil aukning á fjölda barna á skráningadögum frá árinu áður. Að meðaltali voru 75% barna skráð þessa daga og þau börn sem voru skráð mættu nánast undantekningalaus. Með auknum fjölda barna í vistun þessa daga þá var ekki hægt að leyfa eins mörgu starfsfólki að taka frí þessa daga og var tæpt að fólk gæti náð þeirri styttingu á vinnuviku sem það á rétt á samkvæmt kjarasamningi.

Hjá starfsfólki í 100% stöðu var tekinn klst á viku í þessa daga og fór fólk því heim klukkan 13:00 einn dag í viku.

Foreldrasamstarf

Deildarstjórar senda reglulega frá sér fréttabéf til foreldra í tölvupósti og eins eru fréttir og tilkynnar settar á heimasíðu leikskólans. Karellen appið er nýtt til að koma upplýsingum til foreldra og foreldrar geta einnig haft samband til starfsmanna.

Foreldrakynningar eru haldnar af deildarstjórum að hausti. Þar er starfsemi deilda kynnt og foreldrar geta spurt um ýmsa þætti leikskólastarfsins. Foreldrakynningar voru árgangaskiptar og sáu deildarstjórar þess árgangs um kynningu.

Áður en barn hefur vistun í Öldunni eru foreldrar boðaðir í viðtal fyrir leikskólabyrjun barns þar er starfið kynnt og foreldrar koma fram með ýmsar upplýsingar um barnið sem skiptir máli fyrir leikskólabyrjun barns. Fjórum til sex vikum eftir að aðlögun líkur eru foreldrar boðaðir í örviðtal þar sem þeir eru spurðir út í upplifun sína af leikskólabyrjun barnsins. Þær upplýsingar eru svo nýttar til að efla enn frekar aðlögun barna þegar þurfa þykir.

Foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn og einnig var send út foreldrakönnun annað hvert ár

Deildarstjórar eru til í viðtöl og spjall við foreldra á öðrum tímum ef eitthvað þarf að ræða. Einnig eru skólastjórnendur til staðar ef eitthvað er á opnunartíma leikskólans.

Félags og skólaþjónusta

Við Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu starfa Svava Davíðsdóttir framkvæmdarstjóri, Halldóra Guðlaug Helgadóttir teymisstjóri og Bergrún Ísleifsdóttir leikskólaráðgjafi. Leikskólaráðgjafi var í veikindaleyfi frá október 2024 og út skólaárið. Halldóra teymisstjóri hélt utan um mál leikskólans í fjarveru Bergrúnar.

Sérfræðingar skólaþjónustunnar sinna greiningum á börnum í leik- og grunnskóla, m.a. almennu þroskamati, mati á hegðun og líðan, málþroskamati og námslegum greiningum. Þeir veita ráðgjöf til foreldra, kennara og annars starfsfólks skóla, m.a. almenna uppeldisráðgjöf, ráðgjöf vegna skipulags náms og kennslu einstakra nemenda. Þeir sinna auk þess eftirfylgd með nemendum í kjölfar greininga og sitja í teyllum.

Boðið var upp á ráðgjafadag hjá sálfræðingi Sálstofunnar fyrir foreldra og starfsmenn reglulega yfir skólaárið

Áfram voru fundir í nemendaverndarráði leikskólans ásamt, Skólaþjónustu, félagsþjónustu og heilsugæslunni. Gengu þeir vel og eru í raun hluti af innleiðingu á lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Tengiliður farsældar var Valborg Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri Öldunnar.

Stoðþjónusta

Í stoðþjónustuteymi leikskólans þetta skólaárið voru tveir starfsmenn 1,4 stöðugildi.

Börn hafa annaðhvort fengið íhlutun í formi einstaklingsvinnu eða í hópavinnu á deild. Hóþþjálfun á deildum felur í sér að sérkennarar eru hluti af deildinni og taka nokkra einstaklinga saman í t.d. fínhyrfivinnu, spilastund, lestrarstund, félagsfærniæfingar og þess háttar, allt eftir þörfum einstaklinga í hvert sinn. Lögð er áhersla á að börnin eru ekki tekin út af deild nema að brýn nauðsyn væri til og helst unnið með börnin í gegnum leik inná deildum eða á sameiginlegu svæðum.

Innra mat

Innra mati leikskóla er ætlað að meta starf leikskólans.

Með innra mati er leikskólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni barna að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Foreldraviðtöl fóru fram að hausti og vori og sáu deildarstjórar um þau viðtöl.

Tekin voru starfsmannasamtöl við alla starfsmenn að hausti og vori. Almennt var ánægja í starfi.

Hluti af innra mati er :

- Foreldrakönnun annað hvert ár
- Foreldraviðtöl, 2x á ári og einnig eru viðtöl við foreldra 6 vikum eftir að aðlögun barna þeirra líkur
- Starfsmannakönnun annað hvert ár
- Starfsmannaviðtöl, 2x á ári að hausti og vori.
- Tengslahringur sem starfsfólk fyllir út og farið er yfir niðurstöður með leikskólastjóra
- Fundir – deildarfundir, deildarstjórafundir, fagfundir, fundir með leiðbeinendum, teymisfundir, fundir með stoðþjónustu ofl.
- Sameiginlegir fundir á Skólasvæði Rangárbings og vestur skaftafellssýslu þ.e. leikskólastjórafundir, sérkennslufundir, deildarstjórafundir ofl.
- Ofi

Mat á skólaári

- Skólaárið hófst í ágúst með aðlögunum nýrra barna. Búið var að færa á milli deilda fyrir sumarfrí og því komu börnin á sínar deildar eftir sumarfríð.
- Við héldum áfram með innleiðing á jákvæðum aga Innleiðingateymi innan leikskólans hélt utan um innleiðinguna og hvaða áherslur væru þetta skólaárið.
- Börnin fengu að velja hvað þau vildu gefa foreldrum sínum í jólagjöf. Gekk mjög vel hjá börnunum að ákvaða hvað þau langaði að gefa foreldrum sínum og útbúa gjafirnar.
- Þennan veturinn þurftum við ekki að senda börn heim vegna fáliðunar. Til er fáliðunaráætlun sem við förum eftir ef ekki tekst að tryggja næga mönnun innan leikskólans og öryggi barna er ekki tryggt.

- Innleiðing á flæði (flow) gekk vonum frammar og hélt flæðisnefnd (innleiðingateymi) utan um skipulag og framkvæmd innleiðingar.
- Þurfum að efla upplýsingaflæði heimasíðu leikskólans og koma þar fram ýmsum upplýsingum um starfið okkar og þær áherslur sem lagt er áherslu á þann veturinn.
- Við þurfum að gefa ítarlegri upplýsingar um þær breytingar sem hafa verið og munu verða í framtíðinni þannig að allir hafi sameiginlegan skilning á þeim.

Umbótaáætlun

Yfirfara þarf :

Skýrsla / áætlun	Hver yfir fer
Símenntunaráætlun	Leikskólastjóri
Skólanámskrá	Skólanámskrárnefnd
Handbók um snemmtæka íhlutun í máli og læsi	Handbókarnefnd
Öryggishandbók /áfallaáætlun/rýmingaáætlun	Öryggisnefnd
Eyðublöð og skráningablöð sem notuð eru í leikskólanum og rafrænt á heimasíðu þarf að yfirfara og breyta	Stjórnendateymi.
Verklagsreglur innanhúss	Stjórnendateymi

Lokaorð

Skólaárið 2024-2025 var mjög lærdómsríkt. Við vorum enn að læra á húsnaðið og farinn að sjá ýmsa möguleika í starfinu. Það hafa verið örar breytingar í starfinu og þurftum við að minna okkur á að upplýsa vel í þessu breytingaferli sem óhjákvæmilega fylgir nýju húsnaði og þeim nýju möguleikum sem húsnaðið býður uppá.

Flæðið býður uppá marga möguleika og skemmtilegt að segja frá því að börnin báðu um flæði ef það féll niður af einhverjum sökum. Þau virðast hafa gaman að því að vera í flæðinu enda hefur það gengið gríðarlega vel.

Starfsfólkið hefur staðið sig gríðarlega vel í þessu og verið fljótt að grípa þau tækifæri sem gefast í daglegu starfi leikskólans til leiks og náms.

Skólaárið var því mjög lærdómsríkt fyrir bæði börn, starfsfólk og ekki síst foreldra barnanna sem hafa komið með gagnlegar ábendingar um hvað má betur fara og hvað er á réttri leið. Það er frábært að fá fleiri að borðinu því þannig gerast góðir hlutir.

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir, skólastjóri Öldunnar.